Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is
hsorka.is

Hafnarfjarðarbær
Bt. Sigurðar Haraldssonar, sviðsstjóra
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Kópavogur, 17. nóvember 2026

Varðar: Krýsuvík | Ósk um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og deiliskipulag vegna borteigs KRÝ-03 fyrir rannsóknarborholur

HS Orka áformar að gera nýjan rannsóknarborteig, KRÝ-03, á norðurhluta Krýsuvíkur, þaðan sem hægt verður að bora fleiri rannsóknarborholur til að rannsaka frekar og sannreyna útbreiðslu jarðhitageymisins. Rannsóknarborun er nauðsynlegur undanfari þess að hægt verði að meta vinnsluhæfi svæðisins fyrir orkuvinnslu og undirbúa nauðsynlegar rannsóknir, skipulagsvinnu og umhverfismat. Þessi áform eru í samræmi við samkomulag Hafnarfjarðarbæjar og HS Orku um jarðhitanýtingu í Krýsuvík.

HS Orka vinnur nú að rannsóknarborunum suðvestan við Kleifarvatn, á nýjum borteig KRÝ-02 (sjá yfirlitsmynd). Þegar þeim lýkur er mikilvægt að afla frekari upplýsinga og bora frá KRÝ-03, sem er staðsettur talsvert sunnar. Með borun þessara rannsóknarhola telur HS Orka að kominn verður góður og nauðsynlegur grunnur til að taka ákvörðun um útfærslur framtíðarvirkjunar í Krýsuvík.

Til þess að geta sótt um framkvæmdaleyfi fyrir nýjum borteig KRÝ-03 þarf að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar og vinna deiliskipulag. Því óskar HS Orka eftir því að hafin verði vinna við að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Í aðalskipulagsbreytingu verði m.a. fjallað um afmörkun svæðis, aðkomu, umhverfisáhrif, skipulagsákvæði og samræmi við stefnu nýs aðalskipulags um Krýsuvík.

Jafnframt óskar HS Orka eftir því að fá að vinna deiliskipulag fyrir borteig KRÝ-03, í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í deiliskipulaginu verður m.a. fjallað um nákvæma staðsetningu og lögun borteigs, aðkomu, frágang og umhverfisáhrif.

HS Orka áformar að hefja skipulagsvinnu um leið og heimild Hafnarfjarðarbæjar liggur fyrir. Fyrsti verkþáttur er sameiginleg skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag borteigsins. Skipulagið verður unnið í náinni samvinnu við skipulagssvið Hafnarfjarðar. Samhliða skipulagsvinnunni mun HS Orka vinna að matsskyldufyrirspurn verkefnisins í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

VSÓ Ráðgjöf annast gerð skipulagsgagna fyrir HS Orku.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef óskað er frekari upplýsinga um áformaðar framkvæmdir.

Virðingarfyllst,

f.h. HS Orku hf.

Axel Viðarsson

Yfirverkefnisstjóri þróunarverkefna

Fylgigögn: Hugmynd að staðsetningu borteigs KRÝ-03

